

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 1.100 m.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 136 m.kr.
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.024 m.kr.
- Ávöxtun eignasafns félagsins 3,9%
- Ávöxtun af skráðum hlutabréfum umfram væntingar eða 10% á tímabilinu

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Sjóvá sendi frá sér fréttatilkynningu þann 10. apríl sl. um afkomu félagsins sem telst góð fyrir fyrsta árfjórðung eða 1.100 m.kr. Eins og oft áður er það góð afkoma af fjárfestingum, einkum skráðum hlutabréfum, sem drífur áfram hagnað tímabilsins. Merkjanlegur bati er á grunnrekstrinum frá sama tíma og í fyrra þar sem samsett hlutfall lækkar úr 106,9% í 103,5%. Sú afkoma getur samt sem áður ekki talist ásættanleg til lengri tíma og stefnt er að því að koma hlutfallinu í 97-99% í lok árs. Af þeim þremur mánuðum sem liðnir eru af árinu var afkoman fyrir janúar og febrúar mun betri en fyrir mars. Í þeim mánuði féllu til óvenju mörg stærri tjón. Mikilvægt er að fylgjast með tjónaþróun í þeim efnahagsuppgangi sem nú er og verðleggja áhættur rétt. Það á við um margar váttryggingagreinar en þó sérstaklega bifreiðatryggingar þar sem aukning umferðar er gríðarleg.“ segir Hermann.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	1F	4F	3F	2F	1F
	2017	2016	2016	2016	2016
Váttryggingastarfsemi					
Iðgjöld tímabilsins	3.849	4.051	4.073	3.691	3.584
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-180	-210	-312	-208	-181
Eigin iðgjöld	3.669	3.841	3.761	3.482	3.403
Fjárfestingatekjur af váttryggingarekstri	276	183	191	204	199
Aðrar tekjur	16	43	91	4	11
Heildartekjur af váttryggingarekstri	3.961	4.067	4.044	3.690	3.613
Tjón tímabilsins	-2.951	-3.008	-2.836	-2.723	-2.692
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	50	8	-7	40	-43
Eigin tjón	-2.902	-2.999	-2.843	-2.684	-2.735
Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri	-924	-892	-808	-879	-928
Heildargjöld af váttryggingarekstri	-3.825	-3.892	-3.651	-3.562	-3.664
Hagnaður/tap af váttryggingarekstri	136	175	394	128	-51
Fjárfestingastarfsemi					
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	1.089	1.176	598	374	510
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-65	-72	-60	-43	-63
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	1.024	1.104	538	331	446
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.159	1.279	932	458	396
Tekjuskattur	-59	-156	-74	-173	27
Heildarhagnaður tímabilsins	1.100	1.124	858	286	423

	1F 2017	4F 2016	3F 2016	2F 2016	1F 2016
Tjónahlutfall	76,6%	74,2%	69,6%	73,8%	75,1%
Endurtryggingahlutfall	3,0%	3,9%	5,6%	4,5%	6,0%
Kostnaðarhlutfall	24,0%	22,0%	19,8%	23,9%	25,8%
Samsett hlutfall	103,6%	100,2%	95,0%	102,2%	106,9%
Ávöxtun eigin fjár	26,7%	26,6%	20,7%	7,0%	10,5%
Hagnaður á hlut	0,75	0,75	0,56	0,18	0,27
Eigið fé	15.472	17.454	16.900	16.197	15.940
Gjaldþolshlutfall SII	1,56	1,91	1,95	1,93	1,83

Kynningarfundur 27. apríl kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2017, fimmtudaginn 27. apríl kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörð og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 440-2000 eða fiarfestar@sjova.is.

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir fyrsta ársfjórðung var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 27. apríl 2017. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.